



INNKAUPASTEFNA FÉLAGSBÚSTAÐA

Stefna Félagsbústaða er að ná fram hagkvæmum og vistvænum innkaupum sem tryggja sjálfbærni til lengri tíma litið, beita markvissum og skipulögðum vinnubrögðum við innkaup, sem stuðla að gagnsæi og hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum félagsins.

- Sjálfbærni, gagnsæis, hagkvæmni og jafnræðis skal gætt við öll innkaup.
- Innkaup skulu taka mið af umhverfisstefnu félagsins og þess gætt að lágmarks áhrif á fjölbreytileika lífríkis sé tryggt.
- Þjóða skal út þjónustu, verkframkvæmdir, verksamninga og vörukaup og tryggja að hagstæðasta tilboði sé tekið. Að öðrum kosti beita lokuðum útboðum eða verðfyrirspurnum meðal sem flestra.
- Félagsbústaðir sýna samfélagslega ábyrgð, eiga viðskipti við ábyrga aðila (keðjuábyrgð), og leitast við að tryggja að mannréttindi séu tryggð á öllum stigum í starfseminni.
- Við innkaup og rekstur samninga skal taka sérstakt tillit til gæða-, heilbrigðis-, umhverfis-, upplýsingaöryggis- og öryggissjónarmiða.
- Félagsbústaðir skulu fylgja ákvæðum laga og reglna Reykjavíkurborgar sem gilda varðandi innkaup.
- Framkvæmdastjóri sér til þess að innkaupastefnunni sé fylgt.

Hvorki starfsmenn né stjórnarmenn geta átt aðild að ákvörðunum um innkaup sem varða aðila sem þeir eru í hagsmunatengslum við. Starfsmönnum er óheimilt að þyggja boðsferðir eða gjafir sem tengjast viðskiptum við Félagsbústaði nema með sérstakri heimild framkvæmdastjóra.

Þessi stefna leysir af hólmi innkaupastefnu frá 21. nóvember 2018. Stefnan er til endurskoðunar að þremur árum liðnum.

Samþykkt á fundi stjórnar Félagsbústaða 3. febrúar 2022



Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri